

VIÐBRAGÐSÁÆTLUN ALMANNAVARNA

Urriðaholtsskóli Garðabæ



Almannavarnadeild
ríkislögreglustjórans

Sóttvarnalæknir

Menntamálaráðuneyti

Efnisyfirlit

1.	Inngangur að viðbragðsáætlun.....	4
2.	ALÞJÓÐAHEILBRIGÐISREGLUGERÐIN OG MARKMIÐ ÁÆTLUNAR	5
2.1	Alþjóðaheilbrigðisreglugerðin og alþjóðleg lýðheilsuógn.....	5
2.2	Markmið viðbragðsáætlunar hvers skóla	5
3.	Virkjun.....	6
3.1	Almannavarnastig.....	6
3.2	Óvissustig – greining og undirbúningur	6
3.3	Hættustig – viðbúnaður vegna hættu	6
3.4	Neyðarstig – viðbrögð við atburði.....	7
3.5	Afboðun.....	7
3.6	Opinberar sóttvarnaráðstafanir	8
4.	Virkjun viðbragðsáætlana skóla.....	8
4.1	Breyttur viðbúnaður í skólum.....	8
4.2	Helstu verkefni skóla á einstökum stigum	8
5.	Stjórnun og lykilstarfsmenn skólans.....	10
6.	Starfssvæði skólans og umfang	11
7.	Áhættumat	12
7.1	Áhættumat fyrir Ísland.....	12
7.2	Vöktun og farsóttagreining í heimsfaraldri	12
8.	Viðbragðsáætlun Urriðaholtsskóla við heimsfaraldri.....	14
8.1	Fræðsla til nemenda, starfsmanna og aðstandenda.	14
8.2	Endurskipulagning ræstinga.....	14
8.3	Hvernig á að bregðast við veikindatilfellum nemenda í skólanum?.....	14
8.4	Skipulag afleysingakerfis lykilstarfsmanna (skólastjórnenda) ef til veikinda kemur hjá þeim	15
8.5	Lokun skóla	15
	Framkvæmdir / aðgerðir á háskastigum á grunnskólastigi.....	16
	Framkvæmdir / aðgerðir á háskastigum á leikskólastigi	17
9.	Samskiptaleiðir.....	21
10.	Kort og teikningar	22
11.	Dreifingarlisti	24
12.	Breytingasaga.....	25

1. Inngangur að viðbragðsáætlun

Viðbragðsáætlun þessi segir fyrir um skipulag og stjórn aðgerða í *Urriðaholtsskóla í Garðabæ* í samræmi við áætlun Almannafræðis um viðbrögð við heimsfaraldri.

Markmið viðbragðsáætlana skóla eru að tryggja skipulögð og samræmd viðbrögð allra skólafólks sem og starfsmanna þeirra þegar til heimsfaraldurs kemur.

Við gerð áætlunarinnar er meðal annars stuðst við lög um almannavarnir nr. 82/2008 og lög um sóttvarnir nr. 19/1997. Gert er ráð fyrir að atvinnulíf í landinu verði skert í tiltekinn tíma, hluti þjóðarinnar verði rúmfastur vegna veikinda og dánartíðnin verði umfram það sem búast má við í venjulegu árferði.

Áætlunin er í samræmi við Landsáætlun um heimsfaraldur/Viðbragðsáætlun Almannafræðis. Fyrri útgáfa þessarar áætlunar bar heitið Landsáætlun vegna heimsfaraldurs inflúensu og hefur hlutverk hennar nú verið víkkað og nær yfir heimsfaraldra veikinda af hvaða toga sem er.

Viðbragðsáætlanir skóla hafa samræmda uppbyggingu. Kaflar 2, 3, 4 og 7 eru sameiginlegir og geyma almennar upplýsingar frá menntamálaráðuneyti, almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og embætti sóttvarnalæknis. Aðra kafla semja skólarnir sjálfir og mynda þeir hina eiginlegu viðbragðsáætlun hvers skóla.

Ábyrgð á áætlun þessari er í höndum *Þorgerðar Önnu Arnardóttur skólasstjóra Urriðaholtsskóla*. Áætlunin verður endurskoðuð á a.m.k. fimm ára fresti, en yfirfarin árlega t.d. hvað varðar boðleiðir, gátlista og starfssvæði skóla. Ef miklar breytingar verða á starfsemi skólans verður áætlunin þegar í stað endurskoðuð.

Áætlunin verður kynnt fyrir starfsmönnum skólans, nemendum og forráðamönnum ólöggráða nemenda. Hún er aðgengileg á vefsíðu skólans: www.urridaholtsskoli.is og í prentuðu formi hjá stjórnendum, ritara og á bókasafni.

Áætlun þessi tekur þegar gildi.

Garðabæ 8. Mars 2020

Þorgerður Anna Arnardóttir, skólastjóri Urriðaholtsskóla

2. ALÞJÓÐAHEILBRIGÐISREGLUGERÐIN OG MARKMIÐ ÁÆTLUNAR

2.1 Alþjóðaheilbrigðisreglugerðin og alþjóðleg lýðheilsuógn

Allt frá miðri 19. öld hafa verið gerðir milliríkjasamningar um aðgerðir til að stemma stigu við að smitandi sjúkdómar berist milli landa. Eftir stofnun Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) árið 1948 var samþykkt alþjóðaheilbrigðisreglugerð (IHR) sem hefur verið augin og bætt nokkrum sinnum. Árið 2005 kom út ný og gerbreytt alþjóðaheilbrigðisreglugerð sem tók gildi hér á landi árið 2007. Þessi nýja reglugerð (IHR) er í takt við nýja tíma því hin gríðarlega aukning sem orðið hefur í ferðalögum fólks milli landa og aukning á verslun og milliríkjavíðskiptum eykur hættu á að sjúkdómar og heilbrigðisógnir geti á stuttum tíma borist heimshorna á milli. IHR er bindandi alþjóðasamningur milli allra aðildarþjóða WHO og gildir ekki einvörðu um sérstaka smitsjúkdóma heldur einnig um hvers kyns heilbrigðisógnir, til dæmis af völdum eiturefna eða geislavirkni. Reglugerðin kveður meðal annars á um að aðildarþjóðum beri að hafa gott eftirlit með útbreiðslu sjúkdóma og annarra heilsufarsógnna og að landstengiliður skuli tilkynna um hvert tilfelli tiltekinna sjúkdóma og óvænt atvik sem eru eða geta orðið heilbrigðisógnir.

Markmið IHR er að hindra eða koma í veg fyrir að sjúkdómar berist milli landa, veita vernd gegn útbreiðslu og gera viðbragðsáætlanir gegn henni á sviði lýðheilsu og koma jafnframt í veg fyrir ónauðsynlega röskun á umferð og viðskiptum milli landa.

Aðalframkvæmdastjórn WHO tekur ákvörðun í samvinnu við bráðanefnd WHO um hvort tiltekinn atburður geti verið bráð ógn við lýðheilsu sem varðar þjóðir heims. Ef atburður er metinn sem alþjóðleg lýðheilsuógn er kallað eftir samstilltum viðbrögðum þjóða. Samráð þjóða er aukið sem og upplýsingamiðlun milli þjóða.

Viðbragðsáætlanir skulu vera í samræmi við Landsáætlun um heimsfaraldur og er að finna á www.almannavarnir.is

2.2 Markmið viðbragðsáætlunar hvers skóla

Viðbragðsáætlun vegna heimsfaraldurs miðar að því að lágmarka áhrif faraldurs og afleiðingar hans innan skólans með því að:

- Skilgreina mikilvæga verkþætti menntastofnunar og lykilstarfsmenn og staðgengla.
- Draga úr útbreiðslu faraldurs á vinnustaðnum og lágmarka smithættu.
- Styrkja nauðsynlega starfsemi og treysta innviði skólans.
- Upplýsa starfsmenn, nemendur og foreldra.
- Veita nauðsynlega fræðslu.
- Eiga til samræmdar áætlanir vegna hugsanlegs samkomubanns og þar með lokunar skóla.

3. Virkjun

Þeir sem hafa heimild til að virkja þessa áætlun eru almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og sóttvarnalæknir. Við ákvörðun um virkjun þarf einnig að taka ákvörðun um almannavarnastig.

3.1 Almennavarnastig

Almennavarnastig skilgreina alvarleika og umfang þeirrar hættu sem steðjar að á hverjum tíma. Hægt er að virkja viðbragðsáætlunina á þremur almennavarnastigum: Óvissustigi, hættustigi eða neyðarstigi. Ef WHO vekur athygli á nýjum faraldri og telur ástæðu til aukinnar árvekni meðal þjóða heims, skal sóttvarnalæknir framkvæma áhættumat og meta hvort þörf sé á virkjun viðbragðsáætlunarinnar. Atburðarásin í heimsfaraldri getur verið mjög breytileg og sveigjanleiki við notkun viðbragðsáætlunarinnar er því nauðsynlegur. Ákvörðun um almennavarnastig er tekin eftir að niðurstöður bráðabirgðaáhættumats liggja fyrir og einungis eru virkjaðar þær aðgerðir innan hvers almennavarnastigs sem taldar eru líklegar til að skila árangri.

3.2 Óvissustig – greining og undirbúningur

Skilgreining

Nýr faraldur hefur greinst í mönnum og ástæða þykir til aukinnar árvekni og ítarlegs áhættumats. Sýking hefur ekki greinst hér á landi.

Ráðstafanir

- Aukið samráð/samstarf við mikilvæg innlend samtök og stofnanir.
- Aukið samráð/samstarf við mikilvæg erlend samtök og stofnanir, WHO, ECDC, EMA og eftir atvikum aðrar stofnanir.
- Aukin vöktun og farsóttagreining.
- Athugun á birgðastöðu matar, lyfja og annarrar nauðsynjavöru.
- Athugun á boðleiðum.
- AST fari yfir áætlanir, verkferla, tengiliði og gátlista.
- Farið yfir verkferla.
- Endurskoðun á fræðslufni.
- Fræðslufni miðlað markvisst á vef embættis landlæknis.
- Samráð/samstarf milli innlendra stofnana, samtaka, fyrirtækja og félaga aukið eftir þörfum.
- Æfingar, svo sem almannavarnaæfing og minni æfingar innan stofnana og meðal aðila sem hafa sameiginleg verkefni.
- Virkjun SST að hluta ef þess er talin þörf.

3.3 Hættustig – viðbúnaður vegna hættu

Skilgreining

Umtalsverðar hópsýkingar brjótast út hjá mönnum en þær eru enn staðbundnar. Veiran aðlagast mönnum í vaxandi mæli og umtalsverð hætta er á heimsfaraldri. Sýking kann að hafa verið staðfest hér á landi en lýsa má hættustigi þó sýking hafi ekki borist til landsins.

Ráðstafanir

- Vöktun farsóttar og farsóttagreining efld.
- Áhættumat í stöðugri endurskoðun.
- Aukið samráð/samstarf við mikilvæg innlend samtök og stofnanir.
- Aukið samráð/samstarf við mikilvæg erlend samtök og stofnanir, WHO, ECDC, EMA og eftir atvikum aðrar stofnanir.
- Endurskoða, útbúa og dreifa fræðsluefni til almennings og fagaðila í samræmi við áhættumat.
- Fræðsluefni miðlað markvisst á vef embættis landlæknis.
- Til greina kemur að beita takmörkunum á ferðafrelsi um hafnir og flugvelli.
- Setja þá sem eru með/gætu verið með sýkingu af völdum veirunnar í einangrun. Heimasóttkví/afkvíun hugsanlega beitt vegna þeirra sem eru einkennalausir en gætu hafa smitast af veirunni.
- Til greina kemur að skip verði sett í sóttkví.
- Virkjun SST.
- Takmörkuð virkjun AST í umdæmum, reglulegir stöðufundir.

3.4 Neyðarstig – viðbrögð við atburði

Skilgreining

Heimsfaraldri hefur verið lýst yfir eða hópsýking er að breiðast út innanlands. Vaxandi og viðvarandi útbreiðsla smits meðal manna.

Ráðstafanir

- Áhættumat í stöðugri endurskoðun.
- Aukið samráð/samstarf við mikilvæg innlend samtök og stofnanir.
- Aukið samráð/samstarf við mikilvæg erlend samtök og stofnanir, WHO, ECDC, EMA og eftir atvikum aðrar stofnanir.
- Efla vöktun og farsóttagreiningu.
- Dreifing fræðsluefnis til almennings og fagaðila. Markviss skráning fræðsluefnis á vef embættis landlæknis.
- Opinberum sóttvarnaráðstöfunum er beitt eins og takmörkunum á ferðafrelsi og samkomubanni í samræmi við áhættumat, sjá kafla 3.7.
- Heimasóttkví getur verið beitt og til greina kemur að setja skip í sóttkví.
- Full virkjun SST.
- Eftir atvikum full eða takmörkuð virkjun AST í umdæmum.

Virkjun

Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra ber ábyrgð á virkjun áætlunarinnar í samráði við sóttvarnalækni. Þegar ákvörðun um virkjun hefur verið tekin eru viðbragðsaðilar boðaðir og upplýstir um almannavarnastig (óvissustig, hættustig, neyðarstig). Sóttvarnalæknir skal upplýsa heilbrigðisráðherra um virkjun áætlunarinnar svo fljótt sem verða má. Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra ber ábyrgð á boðun.

3.5 Afboðun

Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra ber ábyrgð á afboðun í samráði við sóttvarnalækni.

3.6 Opinberar sóttvarnaráðstafanir

3.6.1 Samkomubann

Í samkomubanni samkvæmt 12. gr. sóttvarnalaga nr. 19/1997 felst að fjöldasamkomur eru óheimilar svo sem fundarhöld, skólastarf, skemmtanir á borð við dansleiki, leiksýningar og kirkjuathafnir, til dæmis guðspjónustur. Samkomubann er sett ásamkvæmt nánari fyrirmælum.

Sóttvarnalæknir ber ábyrgð á sóttvörnum og mælir fyrir um sóttvarnaráðstafanir undir yfirstjórn ráðherra. Samkvæmt 12. grein sóttvarnalaga getur ráðherra, að fenginni tillögu sóttvarnalæknis, fyrirskipað skimun á landamærastöðvum, úrskurðað fólk í sóttkví/afkvíun þar á meðal heimasóttkví/heimaafkvíun, fyrirskipað samkomubann, afkvíun landsins í heild og innanlands í sóttvarnasvæði. Sóttvarnalæknir getur beitt slíkum vörnum til bráðabirgða án þess að leita heimildar fyrirfram en skal gera ráðherra jafnskjótt kunnar sínar ráðstafanir. Umdæmis- og svæðislæknar sóttvarna og sóttvarna-læknir skulu hafa samstarf um framkvæmd nauðsynlegra sóttvarna og njóta aðstoðar lögregluyfirvalda ef þarf.

Sóttvarnaráðstafanir geta verið þess eðlis að ólíklegt sé að til þeirra verði gripið án samráðs ráðherra í ríkisstjórn vegna þess að þær varða allt svið samfélagsins.

Þær eru:

- Fyrirmæli um samkomubann, lokun skóla og annarra samkomustaða.
- Fækkun landamærastöðva þar sem sett verður upp sóttvarnaskimun.
- Afkvíun alls landsins með lokun landamæra.
- Afkvíun landshluta með lokun milli sóttvarnaumdæma.
- Ákvörðun um að aflétta ofangreindum ráðstöfunum.

4. Virkjun viðbragðsáætla skóla

Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og sóttvarnalæknir tilkynna breytingar á almannavarnarstigi (sjá nánar um stig í kafla 3).

4.1 Breyttur viðbúnaður í skólum

Tilkynntar breytingar á almannavarnarstigi sem kalla á sérstök viðbrögð skóla á tilteknu sóttvarnasvæði eða landinu öllu verða staðfestar af menntamálaráðuneytinu með tilkynningu í fjölmiðlum og á heimasíðu þess www.menntamalaraduneyti.is og eftir atvikum með tölvupósti til skólastjórnenda og sveitarfélaga.

Viðbúnaður í einstökum skólum. Til þess getur komið að gera verði breytingar á skólahaldi í einstökum skólum án þess að tilkynnt hafi verið um breytt háskastig, t.d. vegna mikilla forfalla. Skólastjórnendur bera ábyrgð á slíkum breytingum með hefðbundnum hætti. Eðlilegt er að haft sé samráð við sóttvarnalækni á svæði skóla áður en veigamiklar breytingar á skólahaldi vegna heimsfaraldurs eru ákveðnar.

Afboðun. Þeir þættir viðbragðsáætla skóla sem virkjaðir eru skulu ekki aflagðir fyrr en formleg boðun um það kemur frá yfirvöldum.

4.2 Helstu verkefni skóla á einstökum stigum

ÓVISSUSTIG

- ☐ Allir fræðsluaðilar geri viðbragðsáætlun sem tekur mið af aðstæðum fræðsluaðila. Skólastjóri eða forstöðumaður er ábyrgur fyrir áætluninni en getur falið öðru starfsfólki gerð hennar.
- ☐ Yfirfara allar boðleiðir og gera áætlun um hvernig nýta megi sem best upplýsingamiðlun fræðsluaðila svo sem símasvörun, tölvupóst, nettengd kennslukerfi, heimasíðu og samskiptamiðla.
- ☐ Stjórnendur fái heilbrigðismenntaðan starfsmann til að vinna með fræðsluaðila að undirbúningi.
- ☐ Kortleggja tengsl fræðsluaðila við aðrar almannavarnaráætlanir í sveitarfélaginu og tryggja sam-ræmi þar á milli.

HÆTTUSTIG

- ☐ Gera birgðaáætlun um sóttvarnabúnað fræðsluaðila (grímur, hanskar o.fl.) og tryggja nægar birgðir.
- ☐ Gera verklagsreglur um ræstingar með tilliti til sóttvorna.
- ☐ Gera verklagsreglur um viðbrögð við veikindum nemenda og starfsfólks í samræmi við tilmæli heil-brigðisyfirvalda og almannavarna.
- ☐ Gera áætlun um öryggi fasteigna og búnaðar, komi til lokunar.
- ☐ Skrá sérstaklega fjarvistir nemenda og starfsmanna vegna viðkomandi veikinda.
- ☐ Hugað verði að því að nemendum í brotthvarfshættu bjóðist stuðningur námsráðgjafa þar sem því verður við komið.

NEYÐARSTIG

- ☐ Skólar munu halda uppi starfsemi eins lengi og unnt er.
- ☐ Markmið er að starfsmenn skóla haldi áfram störfum þó nemendur eða starfsfólk sé sent heim vegna sóttvarnaráðstafana.
- ☐ Skipuleggja hlutverk kennara í fjarkennslu og heimanámi.
- ☐ Skrá sérstaklega fjarvistir nemenda og starfsmanna vegna viðkomandi veikinda.
- ☐ Hugað verði að því að nemendum í brotthvarfshættu bjóðist stuðningur námsráðgjafa þar sem því verður við komið.

5. Stjórnun og lykilstarfsmenn skólans

Í Urriðaholtsskóla eru 119 nemendur á leikskólastigi fæddir 2014-2018 og 55 nemendur á grunnskólastigi fæddir 2009-2013 en við skólann starfa um 60 starfsmenn. Skólabókasafnið hefur ekki verið opnað. Skólinn hefur afnot af sundlauginni á Álftanesi. Frístundaheimili er starfrækt á kennslusvæði grunnskóla og þar dvelja að jafnaði 45 börn í 1.-4. bekk, síðdegis.

Við skólann starfa: Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, deildarstjóri sérkennslu, húsvörður, ritari, skólaliði, deildarstjórar heimasvæða leikskólastigs, leik- og grunnskólakennarar og leiðbeinendur á leik- og grunnskólastigi sem og í tómstundaheimili. Öryggistrúnaðarmenn eru kosnir úr hópi starfsmanna. Tölvuumsjónarmaður starfar á tölvudeild Garðabæjar. Enginn skólahjúkrunarfræðingur starfar við skólann, en Heilsugæsla Garðabæjar sinnir lágmarksfræðslu.

Formaður leikskólanefndar er Kristjana Sigursteinsdóttir og formaður grunnskólanefndar er Sigríður Hulda Jónsdóttir.

Forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs er Eiríkur Björn Björgvinsson eirikurbjorn@gardabaer.is - GSM 8208540

Grunn- og tónlistarskólafulltrúi er er Katrín Friðriksdóttir katrinf@gardabaer.is - GSM 8208545

Leikskólafulltrúi er Halldóra Pétursdóttir halldorapet@gardabaer.is – GSM 8208542

Skólastjórnendur:

Þorgerður Anna Arnardóttir skólastjóri thorgerduranna@urridaholtsskoli.is – GSM 6219505

Una Guðrún Einarsdóttir aðstoðarskólastjóri unagudrun@urridaholtsskoli.is – GSM 6210506

Guðbjörg Vilhjálmsdóttir deildarstjóri sérkennslu gudbjorgvi@urridaholtsskoli.is – GSM 8671464

Umsjónarmaður tölvukerfis er tölvudeild Garðabæjar, Garðatorgi 7. Forstöðumaður er Vala Dröfn Hauksdóttir vala@gardabaer.is – GSM 6171511

Finnur Jónsson umsjónarmaður frístundar (lengdrar viðveru) finnurjo@urridaholtsskoli.is – GSM 6628511

Öryggisvörður: Una Guðrún Einarsdóttir aðstoðarskólastjóri, starfið er að færast yfir á Guðjón Pétur Lýðsson húsvörð gudjonly@urridaholtsskoli.is – GSM 6219590

Öryggistrúnaðarmaður: Fríða Sigurðardóttir kennari fridasi@urridaholtsskoli.is

Enginn hjúkrunarfræðingur starfar við skólann

6. Starfssvæði skólans og umfang

Urriðaholtsskóli stendur við Vínatræti 1-3 í Garðabæ. Skólinn stendur efst í Urriðaholti og er staðsettur inni í miðri íbúabyggð Urriðaholts. Mögulegt er að aka tvær leiðir að skólanum, annars vegar um Holtsveg og hins vegar um Urriðaholtsstræti. Urriðaholtsskóli er núna samtals rúmlega 5000 fm. Um er að ræða steypa byggingu á tveimur hæðum sem hýsir leikskólastig, grunnskólastig, útibú frá Tónlistarskóla Garðabæjar sem ekki er komin í gagnið, bókasafn sem ekki er komið í gagnið, tómstundaheimili ásamt kjallara og útsýnissvölum á þriðju hæð. Sund er kennt í Sundlaug Álftanes þangað sem börnum er ekið með skólabíl. Íþróttir eru kenndar úti flesta daga ársins.

Skólaárið 2019-2020 starfa 60 starfsmenn við skólann og tómstundaheimilið en nemendur eru samtals 174 talsins frá 1-10 ára.



Mynd 1. Yfirlit yfir Urriðaholt, Urriðaholtsskóli merktur sem skóli og leikskóli.



Mynd 2. Urriðaholtsskóli séður frá leikskólalóð.

7. Áhættumat

Líkur á að hingað berist alvarlegur smitsjúkdómur eru töluverðar enda eru ferðalög til og frá Íslandi tíð. Fyrirfram er ekki hægt að fullyrða neitt um hversu skæður slíkur faraldur verður. Áhættumatið mótast meðal annars af alvarleika veikindanna, hversu móttækilegt fólk í samfélaginu er fyrir sýkingunni, getu veirunnar til að smita og hverjir áhættuhóparnir eru. Hægt er að draga úr alvarlegum veikindum með notkun veirulyfja og bóluefnis, ef það er aðgengilegt.

7.1 Áhættumat fyrir Ísland

Viðbragðsáætlanir hér á landi miða að því að tefja útbreiðslu faraldurs og draga úr alvarlegum afleiðingum hans en óvíst er hvort alveg verði hægt að koma í veg fyrir útbreiðslu nýs smitsjúkdóms hér á landi. Eiginleikar smitefnisins eins og smitstuðull (R0), hvort einkennalausir eru smitandi og hversu lengi einstaklingar eru smitandi hafa meðal annars áhrif á útbreiðslu sýkingarinnar. Alvarleiki sýkingarinnar, dánarhlutfall, aðgengi að veirulyfjum og bóluefni hafa einnig áhrif á áhættumat. Áætlað er að samhæfðar viðbragðsáætlanir hér á landi fækki sjúkdómstilfellum og dragi úr alvarlegum afleiðingum faraldursins. Gera þarf ráð fyrir að atvinnulífið hér á landi geti lamast í tiltekinn tíma eða frá tveimur vikum og upp í þrjá mánuði, en með gerð viðbragðsáætlunar er reynt að lágmarka þann skaða sem sjúkdómurinn veldur hverju sinni. Þrátt fyrir að öllum tiltækum ráðstöfunum verði beitt má alltaf búast við ófyrirséðum afleiðingum. Reikna má með að fjárhagsleg afkoma heimila rýrni tímabundið, verðmæti glatist, dragi úr komu ferðamanna, sjávarfang minnki vegna skorts á vinnuafli og þjóðartekjur minnki í einhvern tíma. Almennt gerir þessi áætlun vegna heimsfaraldurs ráð fyrir að 25–50% þjóðarinnar sýkist þrátt fyrir sértækar sóttvarnaáðstafanir og að atvinnulíf lamist að hluta í tvær vikur til þrjá mánuði.

Í heimsfaraldri gerir sóttvarnalæknir áhættumat og endurtekur það svo oft sem þurfa þykir.

Áhættumatið er byggt á gögnum frá ECDC, WHO og gangi faraldurs hér á landi.

Áhættumatið er birt í upphafi hvers stöðufundar með viðbragðsaðilum og farið yfir mögulegar mótvægisáðgerðir. Endurtekið áhættumat er birt í hverri stöðuskýrslu.

7.2 Vöktun og farsóttagreining í heimsfaraldri

Tilgangur með vöktun og farsóttagreiningu í heimsfaraldri er margvíslegur. Meta þarf útbreiðslu sjúkdóms, sjúkdómsbyrði í samfélaginu og greina áhættuhópa. Að auki þarf að meta árangur veirulyfjanotkunar og bólusetninga eftir að bóluefni er orðið aðgengilegt. Til greina kemur einnig að skoða árangur opinberra sóttvarnaáðstafana. Vöktun og farsóttagreining leggur þannig grunn að áhættumati sem hefur stefnumótandi áhrif á aðgerðir til að bregðast við heimsfaraldri. Upplýsingar til almennings, fagaðila og stjórnvalda um stöðu faraldurs á hverjum tíma byggja á vöktun og farsóttagreiningu.

Ýmsar leiðir eru til að vakta heimsfaraldur. Í heimsfaraldri verða veikindi tilkynningarskyld á Íslandi svo hægt sé að afla persónugreinanlegra upplýsinga með ítarlegum upplýsingum um þá sem greinast með staðfesta sýkingu. Fylgst verður með sjúkdómseinkennum og hvaða meðferð þeir fá ásamt faraldsfræðiupplýsingum. Vakta þarf innlagnir á sjúkrahús með sérstaka áherslu á innlagnir á gjörgæsludeild og upplýsingum verður safnað um einkenni, undirliggjandi sjúkdóma, fyrri bólusetningar, veirulyfjameðferð og aðra meðferð, þ.m.t. öndunaraðstoð og afdrif sjúklingsins. Í heimsfaraldri verður fylgst með dauðsföllum í sem næst rauntíma. Sú vöktun er tvíþætt, bæði þarf

að rýna í dánarorsök þeirra sem deyja á tímabilinu til að greina óvænt dauðsföll af völdum faraldurs og einnig þarf að fylgjast með vikulegum dánartölum. Fylgst verður með útbreiðslu faraldursins með gögnum frá heilsugæslunni og bráðamóttökum með skráningu þeirra sem leita til læknis vegna einkenna. Hver sjúkdómur hefur sérstakan kóða og nýir sjúkdómar eru einnig skráðir samkvæmt ICD-10 flokkunarkerfi.

Tilkynningar berast um þá einstaklinga sem læknir gefur ICD-10 kóða fyrir greiningu í Sögu sjúkraskrá þegar læknirinn hefur staðfest samskiptin.

Til að afla framangreindra upplýsinga heldur sóttvarnalæknir eftirtaldar skrár um:

- Staðfest tilfelli frá sýkla- og veirufræðideild Landspítala.
- Klínískar tilkynningar um staðfest tilfelli frá læknum.
- Faraldurseinkenni, skráð í Sögu sjúkraskrá.
- Innlagnir á sjúkrahús og aðrar heilbrigðisstofnanir vegna faraldursins.
- Dauðsföll, þ.m.t.:
 - Dánarmeinaskrá með ítarupplýsingum.
 - Vikulegar dánartölur – ópersónugreinanlegar fjöldataölur.
- Fjölda bólusetninga ef bóluefni er tiltækt.
- Skráningu á notkun veirulyfja bæði á veirulyfjum úr neyðarbirgðum sóttvarnalæknis og veirulyfjum sem eru seld í apótekum ef viðeigandi veirulyf eru tiltæk.

Önnur óhefðbundin vöktun sem kemur til greina er að fylgjast með fjarvistum í grunnskólum landsins.

Stöðug úrvinnsla og greining á þessum gögnum er nauðsynleg til að uppfæra áhættumat m.t.t. áframhaldandi aðgerða og til að upplýsa alla hlutaðeigandi.

Hluti framangreindra gagna er að auki sendur til Sóttvarnastofnunar Evrópusambandsins (ECDC) og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) sem fylgjast með framgangi faraldursins og uppfæra áhættumat bæði fyrir Evrópu og allan heiminn.

8. Viðbragðsáætlun Urriðaholtsskóla við heimsfaraldri

Verkefni skóla:

Verkefnastjórn vinnur í samráði við Skólaskrifstofu Garðabæjar og Heilsugæslu Garðabæjar en verkefnastjórn skipa:

Þorgerður Anna Arnardóttir skólastjóri thorgerduranna@urridaholtsskoli.is – GSM 6219505

Una Guðrún Einarasdóttir aðstoðarskólastjóri unagudrun@urridaholtsskoli.is – GSM 6219506

Guðbjörg Vilhjálmisdóttir deildarstjóri sérkennslu gudbjorgvi@urridaholtsskoli.is – GSM 8671464

Guðjón Pétur Lýðsson húsvörður gudjonny@urridaholtsskoli.is – GSM 6219590

Anna Lilja Torfadóttir ritari annalilja@urridaholtsskoli.is – GSM 8988262

Sigurbjörg Jóhannssdóttir skólaliði sigurbjorgjo@urridaholtsskoli.is - GSM 8643111

8.1 Fræðsla til nemenda, starfsmanna og aðstandenda.

Í samvinnu við Heilsugæsluna og Skólaskrifstofu munu skólastjóri og aðstoðarskólastjóri upplýsa starfsmenn og aðstandendur um faraldurinn, útbreiðsluleiðir, hvernig draga megí úr smitleiðum, viðbrögðum skólans o.s.frv. Upplýsingar verða settar á vefsíðu skólans og sendar foreldrum í tölvupósti.

Starfsmenn fá fræðslu í upphafi skólaárs um hvernig draga megí úr smitleiðum og hvernig þeir eigi að bregðast við veikist þeir sjálfir eða nemendur (sjá neðst í þessu skjali). Leiðbeiningar verða hengdar upp á kaffistofu starfsmanna til áminningar. Kennarar sjá um að upplýsa nemendur um faraldurinn ef með þarf – að teknu tilliti til aldurs nemenda.

Sprittgel verður til sóttthreinsunar á öllum salernum starfsmanna og á öllum heimasvæðum ásamt tómsundaheimili í varðveislu starfsmanna.

Lögð er áhersla á mikilvægi þess að upplýsingar miði að því að eyða óþörfum ótta og að tekist sé á við hugsanlega vá af yfirvegun, festu og þekkingu. Bent skal á að grunnupplýsingar má finna á vefsíðu Landlæknis undir heitinu [Það sem þú þarft að vita](#) sem er að finna á www.landlaeknir.is sem og á vefsíðu Almannavarna www.almannavarnir.is

8.2 Endurskipulagning ræstinga


Ræstingar skulu endurskipulagðar strax á óvissustigi. Húsvörður fundar með starfsfólki og fer yfir skipulag ræstinga og hreinlæti á hverju hættustigi fyrir sig. Lögð verður áhersla á einnota hlífðarbúnað s.s. hanska og svuntur. Einnig verður lögð áhersla á reglulega notkun sprittgels. Á hættustigi getur komið til vaktaskipta (tvö teymi). Á neyðarstigi verða vaktaskipti til að lágmarka samskipti starfsfólks svo og til að tryggja ræstingu. Ef kemur til lokunar skóla verða ræstingar skipulagðar með það að markmiði að lágmarka samskipti þeirra sem eru í vinnu en einnig með það í huga að hægt verði að opna skólann með stuttum fyrirvara. Húsvörður eða staðgengill hans ber ábyrgð á skipulagi ræstinga.

8.3 Hvernig á að bregðast við veikindatilfellum nemenda í skólanum?

Ef nemendur veikjast í skólanum gilda eftirfarandi reglur (skv. hefð)

- Haft er samband við foreldra/forráðamenn og þeir beðnir að sækja nemandann í skólann (eldri nemendur mega fara einir heim ef foreldri heimilar).
- Ef grunur leikur á að nemandinn sé með farsótt skulu foreldrar hafa samband við lækni.
- Nemandi skal ekki mæta í skólann fyrr en hann hefur fengið heimild þess efnis frá viðeigandi heilbrigðisstofnun.
- Ef nemandi mætir í skólann með farsótt eða vísbendingar um það er haft samband við foreldra/forráðamenn og þeir beðnir að sækja nemandann til að hindra útbreiðslu smits. Foreldrum/forráðamönnum verður þá bent á að fara að leiðbeiningum hér að framan og hafa samband við Læknavaktina í síma 1700.
- Foreldrar barna með undirliggjandi veikindi eða veikt ónæmiskerfi eru hvattir til að kynna sér leiðbeiningar fyrir áhættuhópa á www.landlaeknir.is eða vera í sambandi við Heilsugæsluna í gegnum www.heilsuvera.is óski þeir ráðgjafar eða frekari upplýsinga um farsóttina.
- Ef grunur er um smit skal hafa samband við Læknavaktina í síma 1700.

8.4 Skipulag afleysingakerfis lykilstarfsmanna (skólastjórnenda) ef til veikinda kemur hjá þeim



Skólastjóri

Aðstoðarskólastjóri leysir skólastjóra af.

Ef aðstoðarskólastjóri veikist leysir deildarstjóri sérkennslu hann af með aðstoð frá heimasvæðisstjórum skólans eftir þörfum og öfugt.

Ef húsvörður veikist leysa skólastjóri, aðstoðarskólastjóri eða deildarstjóri sérkennslu hann af.

8.5 Lokun skóla

Hvernig verður lokun skóla auglýst og aflýst?

Lokun skóla verður auglýst á vefsíðu skólans www.urridaholtsskoli.is og vefsíðu Garðabæjar www.gardabaer.is. Auk þess verður sendur tölvupóstur til allra foreldra sem nota tölvupóst en hringt heim til hinna. Þá verða send smáskilaboð til allra starfsmanna. Þessu til viðbótar verður lokun auglýst á öllum inngönguleiðum skólans.

Stuðst verður við eftirfarandi gátlista:

- Tilkynna ákvörðun um lokun skólans
- Setja upp áberandi auglýsingar, m.a. við innganga, um að skólinn sé lokaður nemendum
- Nota boðleiðir skólans til að kynna lokunina og viðbrögð við henni skv. viðbragsáætlun skólans
- Yfirfara öryggismál fasteigna og búnaðar skólans
- Funda með starfsmönnum um hlutverk þeirra í starfseminni á tíma lokunar
- Virkja áætlanir um skólastarf á tíma lokunar. Vera í sambandi við yfirvöld almannavarna komi til þess að húsnæði skólans verði nýtt í þágu almannavarna.

Hvaða boðleiðir til og frá skóla haldast opnar þannig að nauðsynlegt upplýsingastreymi haldist gangandi?

Lögð verður áhersla á að halda skrifstofu skólans og símsvörun opinni. Tölvupósti verður einnig svarað. Lögð verður áfram áhersla á að virkja vefsíðu skólans www.urridaholtsskoli.is og póstlista (foreldra og starfsmanna). Upplýsingar verða einnig birtar á vefsíðu bæjarins www.gardabaer.is. Ef nauðsyn krefur og mögulegt er verður haft samband við foreldra/starfsmenn símleiðis.

Aðstoð við erlenda skiptinema sem ekki geta komist úr landi.

Í grunnskólum eru að öllu jöfnu ekki erlendir skiptinema, en ef slíkir stunda nám í skólanum mun námsráðgjafi/aðstoðarskólastjóri skólans vera í samskiptum við íslenskt heimili nemendanna og styðja ef þörf er á.

Verður unnt að halda úti áframhaldandi skólastarfi í einhverri mynd þrátt fyrir lokun skóla?

Í Urriðaholtsskóla er unnið að gerð skólanámskrá. Inn á vefsíðu skólans verða setta inn kennsluáætlanir og geta nemendur unnið áfram eftir því skipulagi sem þar er fram sett. Kennarar/stjórnendur verða bæði í tölvu- og símasambandi við nemendur/foreldra ef til lokunar kemur. Kennarar munu útbúa leiðbeiningar fyrir nemendur auk annars sem þeir telja þörf á. Kennarar munu fylgjast vel með tölvupósti og svara honum eins fljótt og hægt er.

Framkvæmdir / aðgerðir á háskastigum á grunnskólastigi

Nr.	Neyðarstig	Verkpáttur	Framkvæmd
1	Heimsfaraldur er hafinn, framkvæmd viðbragðsáætlunar.	Þrep 1, óbreytt starfsemi en sóttvarnir framkvæmdar, fræðsla aukin og upplýsingaflæði eftl. Fylgst náið með fjarvistum. Samskiptaleiðir yfirfarnar. Fyrirmælum sóttvarnalækis fylgt.	Hefðbundin starfsemi. Aukin áhersla á sóttvarnir og fræðslu. Skólastjórnendur upplýsa starfsfólk og foreldra um viðbragðsáætlun skóla. Foreldrar og starfsfólk upplýst um flensufaraldur er hafin og bent á fræðsluefni. Stuðst er við veikindaafleysingu vegna forfalla.

2		Prep 2, aukin tíðni veikinda, möguleg breyting á starfsemi. Fyrirmælum sóttvarnalæknis fylgt.	Grunnstarfssemi haldið úti með því að sameina hópa. Skólastjóri (staðgengill) fylgist með forföllum og setur upplýsingar inná heimasíðu skólans og tilkynningar við innganga skólans. Starfsfólk fært til í starfi. Hugsanlega getur þurft að færa starfsmenn milli stofnana innan Garðabæjar.
3		Prep 3, veruleg breyting á starfsemi: lokun eða aðgerðaráætlun um órofna starfsemi fer í gang. Fylgt fyrirmælum sóttvarnarlæknis.	Eldri börn send heim. Reynt að halda skólahald hjá yngstu börnum, með sameiningu hópa og starfsfólk fært til í starfi. Verði samtímis forföll starfsmanna þannig að það verða fleiri en u.þ.b. 20 nem/starfsmann í fimm virka daga samfleitt verða nemendur sendir heim eftir því sem kostur er. Foreldrar beðnir um að aðstoða við að létta álagi af stofnun.

Framkvæmdir / aðgerðir á háskastigum á leikskólastigi

Nr.	Neyðarstig	Verkpáttur	Framkvæmd
1	Heimsfaraldur er hafinn, framkvæmd viðbragðsáætlunar.	Prep 1 - Óbreytt starfsemi - Sóttvarnir efldar - Aukin fræðsla - Upplýsingaflæði eftl. - Fylgst náið með fjarvistum - Samskiptaleiðir yfirfarnar - Fyrirmælum sóttvarnalæknis fylgt	- Skólastjóri eða staðgengill hans sér um að upplýsa starfsfólk og foreldra um viðbragðsáætlun skólans - Starfsfólk er upplýst um að flensufaraldur sé hafinn og upplýst um sóttvarnir svo sem handþvott og spritt - Þegar fyrsta tilfelli kemur upp meðal starfsfólks eða barna eru foreldrar upplýstir í tölvupósti um að heimsfaraldur sé hafinn og bent á fræðsluefni - Ræsting upplýst um að heimsfaraldur er hafinn og bent á viðbrögð samkvæmt áætlun - Bréfpurrkur eru notaðar í stað handklæða. - Tilkynning sett á heimasíðu skólans og í anddyri hvers heimasvæðis um að veikindi sé meðal starfsfólks eða barna

			- Foreldrar eru upplýstir um að til skerðingar á vistun geti komið ef að veikindi magnast og þeim kynnt áætlun þar um - Skólastjóri sér til þess að foreldrar og starfsfólk með annað móðurmál en íslensku séu sérstaklega upplýstir - Stuðst er við veikinda afleysingu vegna forfalla - Hagrætt er milli heimasvæða, starfsfólk/börn flutt á milli - Hagræðing á undirbúningstímum - Skólastjórnendur leysa af af
Nr.	Neyðarstig	Verkpáttur	Framkvæmd
2		Þrep 2 - Aukin tíðni veikinda - Möguleg breyting á starfsemi - Fyrirmælum sóttvarnalækis fylgt.	25% - 50% forföll starfsfólks. Reiknað með a.m.k. 25% forföllum barna samhliða. - Grunnstarfsemi haldið úti, svo sem matartímar, útivera, hvíld og frjáls leikur ásamt daglegri umönnun. - Miðað er við 8 barngildi á hvern starfsmann á eldri heimasvæðum en 4 á yngri heimasvæðum - Foreldrar hvattir til að koma seint og sækja snemma - Deildarstjórar tilkynna foreldrum forföll starfsfólks daglega þegar börn koma í skólann - Skólastjórnendur sjá til þess að foreldrar og starfsfólk með annað móðurmál en íslensku séu sérstaklega upplýstir. Reiknað með litlum forföllum barna samhliða forföllum starfsfólks - Grunnstarfsemi haldið úti, svo sem matartímar, útivera, hvíld og frjáls leikur ásamt daglegri umönnun. - Miðað er við 8 barngildi á hvern starfsmann á eldri leikskólasvæðum og 4 börnum á yngri leikskólasvæðum. - Skólastjórnendur sjá til þess að foreldrar með annað móðurmál en íslensku séu sérstaklega upplýstir

			- Tilkynning sett á heimasíðu skólans og í anddyri hvers heimasvæðis þar sem upplýst er um hvernig staðið er að því að senda börn heim 1. Bréf sent til foreldra þar sem þeir eru hvattir til að koma seint og sækja snemma og halda börnum heima ef þess er kostur 2. Börn send heim af öllum heimasvæðum: eftir aldri yngsti árgangur fyrst og eftir stafrófsröð. Skólastjóri hringir í foreldra daglega eftir lista
Nr.	Neyðarstig	Verkpáttur	Framkvæmd
3		Þrep 3 - Veruleg breyting á starfsemi - Lokun eða aðgerðaráætlun um órofna starfsemi fer í gang - Fyrirmælum sóttvarnarlæknis fylgt.	50% forföll starfsfólks eða meira. Reiknað með forföllum barna samhliða. - Miðað er við 8 barngildi á hvern starfsmann hjá eldri leikskólabörnum en 4 hjá yngri leikskólabörnum - Grunnstarfssemi haldið úti, svo sem matartímar, útivera, hvíld og frjáls leikur sem og dagleg umönnun - Skólastjóri sér til þess að foreldrar og starfsfólk með annað móðurmál en íslensku séu sérstaklega upplýstir - Tilkynning sett á heimasíðu skólans og í anddyri hvers heimasvæðis þar sem upplýst er um hvernig staðið er að því að senda börn heim. 1. Bréf sent til foreldra þar sem þeir eru hvattir til að koma seint og sækja snemma og halda börnum heima ef þess er kostur 2. Börn send heim af öllum heimasvæðum eftir aldri, yngsti árgangurinn fyrst eftir stafrófsröð. Séu veikindi starfsfólk svo mikil á einu heimasvæði að ekki tekst að halda því opnu, verður því lokað. Taka skal fram að viðmið fyrir slíkt eru strangara þar sem yngstu börn skólans eiga í hlut og er þar miðað við 4 börn á starfsmann og að lágmarksmönnun sé 3 starfsmenn. Skólastjórnandi hringir í foreldra daglega eftir lista

			Lokun Urriðaholtsskóla 1. Ef tilkynning kemur frá sóttvarnalækni. 2. Ef engin kennari/uppeldismenntaður starfsmaður er í skólanum er haft samband við leikskólafulltrúa sem finnur staðgengil kennara eða fær samþykki fyrir tímabundinni lokun hjá bæjarstjóra.
--	--	--	--

Hvernig verður tryggt umsýsla fasteigna og öryggismála meðan á lokun stendur?

Húsvörður skólans tryggir umsýslu fasteigna og öryggismála og í forföllum hans skólastjóri, aðstoðarskólastjóri eða deildarstjóri sérkennslu (sjá nánari upplýsingar um afleysingu skólastjóra hér að framan).

Hvernig verður staðið að skipulagningu skólastarfs eftir opnun?

Skólastjórnendur munu skipuleggja skólastarfið eftir opnun. Yfirfara þarf m.a. skóladagatal og kennsluáætlanir. Í kjölfar slíkrar lokunar kann það að taka nokkurn tíma. Hugað verður einnig að andlegu ástandi nemenda og starfsfólks í samvinnu við Heilsugæslu Garðabæjar og sálfræðinga skólans. Lögð verður áhersla á að hefja kennslu strax eftir stundaskrá sé þess nokkur kostur.

Stuðst verður við eftirfarandi gátlisa.

- Huga að aðstoð og áfallahjálpi fyrir þá sem eru að hefja skólastarfið á ný (ath. leiðbeiningar til skóla og e.t.v. aðgang að áfallateymum).
- Greina ástand starfsmanna til að hefja reglubundið skólastarf að nýju.
- Gera áætlun um framhald skólastarfsins í samræmi við stöðu mála
- Upplýsa alla hagsmunaaðila um áætlun skólans um framhald skólastarfsins.
- Undirbúa húsnæði fyrir kennslu í samræmi við leiðbeiningar heilbrigðisyfirvalda.
- Huga að heilsu og öryggi nemenda og starfsmanna, bregðast við sorg og ótta sem býr með mönnum eftir mikil áföll.
- Hafa samráð við heilbrigðisráðgjafa um viðbrögð við veikindatilfellum og varúðarráðstafanir fyrstu vikurnar eftir lok faraldurs.
- Yfirfara viðbraðgsáætlun í ljósi reynslunnar.

9. Samskiptaleiðir

Lykilaðilar er varðar boðun og afboðun

Urriðaholtsskóli í Garðabæ sími: 5919500

Starfsmenn skóla/skólaskrifstofa/stjórna

Skólastjórnendur:

Þorgerður Anna Arnardóttir skólastjóri thorgerduranna@urridaholtsskoli.is – GSM 6219505

Una Guðrún Einarsdóttir aðstoðarskólastjóri unagudrun@urridaholtsskoli.is – GSM 6210506

Guðbjörg Vilhjálmsdóttir deildarstjóri sérkennslu gudbjorgvi@urridaholtsskoli.is – GSM 8671464

Umsjónarmaður tölvukerfis er tölvudeild Garðabæjar, Garðatorgi 7. Forstöðumaður er Vala Dröfn Hauksdóttir vala@gardabaer.is – GSM 6171511

Finnur Jónsson umsjónarmaður frístundar (lengdrar viðveru) finnurjo@urridaholtsskoli.is – GSM 6628511

Öryggisvörður: Una Guðrún Einarsdóttir aðstoðarskólastjóri, starfið er að færast yfir á Guðjón Pétur Lýðsson húsvörð gudjonny@urridaholtsskoli.is – GSM 6219590


Öryggistrúnaðarmaður: Fríða Sigurðardóttir kennari fridasi@urridaholtsskoli.is

Enginn hjúkrunarfræðingur starfar við skólann

10. Kort og teikningar

Sóttvarnasvæðin

Íslandi er skipt upp sóttvarnaumdæmi og er sóttvarnalæknir skipaður í hverju þeirra. Í stórum sóttvarnaumdæmum eru skipaðir sóttvarnalæknar ákveðinna svæða.



Mynd 3. Sóttvarnaumdæmin og aðsetur umdæmis- og svæðislækna sóttvarna samkvæmt reglugerð nr. 387/2015

Höfuðborgarsvæðið: Reykjavíkurborg, Seltjarnarnesbær, Mosfellsbær, Kjósarhreppur, Kópavogsbær, Garðabær og Hafnarfjarðarkaupstaður.

Vesturland: Akraneskaupstaður, Hvalfjarðarsveit, Skorradalshreppur, Borgarbyggð, Eyja- og Miklaholtshreppur, Snæfells-bær, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit, Stykkishólmsbær, Dalabyggð, Reykhólahreppur, Strandabyggð, Kaldrananes-hreppur, Árneshreppur og Húnaþing vestra.

Vestfirðir: Vesturbyggð, Tálknafjarðarhreppur, Ísafjarðarbær, Bolungarvíkurkaupstaður og Súðavíkurhreppur.

Norðurland: Húnavatnshreppur, Blönduósbær, Skagabyggð, Sveitarfélagið Skagaströnd, Sveitarfélagið Skagafjörður, Akra-hreppur, Fjallabyggð, Dalvíkurbyggð, Hörgársveit, Eyjafjarðarsveit, Akureyrarkaupstaður, Svalbarðsstrandarhreppur, Grýtubakkahreppur, Þingeyjarsveit, Norðurþing, Tjörneshreppur, Skútustaðahreppur, Svalbarðshreppur og Langanesbyggð (að frátöldum fyrrum Skeggjastaðahreppi).

Austurland: Vopnafjarðarhreppur, Fljótsdalshérað, Fljótsdalshreppur, Borgarfjarðarhreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður, Fjarðabyggð, Breiðdalshreppur, Djúpavogshreppur og fyrrum Skeggjastaðahreppur.

Suðurland: Sveitarfélagið Ölfus, Hveragerðisbær, Grímsnes- og Grafningshreppur, Bláskógabyggð að frátöldu fyrrum sveitar-félaginu Þingvallasveit, Hrunamannahreppur, Sveitarfélagið Árborg,

Flóahreppur, Ásahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Rangárþing ytra, Rangárþing eystra, Mýrdalshreppur, Skaftárhreppur, Sveitarfélagið Hornafjörður og Vestmannaeyjabær.

Suðurnes: Sandgerðisbær, Sveitarfélagið Garður, Reykjanesbær, Grindavíkurbær og Sveitarfélagið Vogar.

11. Dreifingarlisti

Eintakið er vistað rafrænt á eftirtöldum vefsíðum: www.urridaholtsskoli.is, www.gardabaer.is.

Innri vefur skólans: Á vefsvæði starfsmanna S:\Sameign/skýrslur og utanumhald/faraldur

Auk þess eru rafræn og prentuð eintök vistuð á eftirtöldum stöðum:

Deildir innan skólans, nefnið allar og fjölda eintaka	
Skrifstofa skólastjóra	1 stk
Skólaritari og húsvörður	1 stk.
Kaffistofa	1 stk.
Eldhús Skólamatar í skólanum	1 stk.

12. Breytingasaga

Útgáfa	Dagsetning	Skýringar / breytingar	Fært inn af:
	7.3.2020	Sniðmát menntamálaráðuneytis sent skólanum frá Hofsstaðaskóla	UGE
1.0	8.3.2020	Viðbragðsáætlun skóla birt	UGE
	12.3.2020	Framkvæmdaráætlun háskastigs fyrir leikskólastig bætt við áætlun	UGE